



Á 130. fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. sem haldinn var þann 13. mars 2015 var óskað eftir greinargerð um það hvort öryggi vegfarenda á hafnarsvæðinu sé sem best tryggt einkum í þeirri erfiðu færð sem verið hefur í vetur.

Reglugerðarákvæði um slysavarnir í höfnum

Í gildi er reglugerð um hafnamál nr. 326 / 2004, með breytingu nr. 584 / 2012, þar sem sjötti kaflinn tekur til slysavarna í höfnum.

Með slysavörnum er þar átt við öryggisbúnað sem miðar að því að koma í veg fyrir slys og nota má til bjargar þeim sem fyrir óhöppum verða. Til öryggisbúnaðar teljast t.d. lausir og fastir stigar, bjarghringir, krókstjakar, björgunarnet, ljós á hafnarbökkum, girðingar og hlið o.fl.

Samkvæmt reglugerðinni skal við hönnun og endurbætur hafnarmannvirkja gert ráð fyrir uppsetningu öryggisbúnaðar og mannvirki þannig hönnuð að þeim sem um hafnir fara sé sem minnst slyshætta búin. Samgöngustofa ákveður hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ofangreindra atriða við hönnun hafnarmannvirkja og hvað teljist fullnægjandi öryggisbúnaður á hverjum stað.

Samkvæmt reglugerðinni skulu hafnarstjórnir sjá til þess að öryggisbúnaði í höfnum sé ætíð vel við haldið og hann nothæfur. Eftir að öryggisbúnaði hefur verið komið upp hefur Samgöngustofa á hendi eftirlit með honum. Þetta eftirlit var áður á hendi Siglingastofnunnar. Síðasta úttekt á vegum Siglingastofnunnar var á árinu 2010 og þá á Akranesi og í Borgarnesi og var hún án athugasemda.

Þjálfun og eftirlit starfsmanna

Allir starfsmenn hafnarþjónustu sækja reglulega námskeið hjá Slysavarnskóla sjómanna. Á þeim námskeiðum er farið m.a. yfir notkun öryggistækja. Aðrir starfsmenn hafa sótt námskeið í skyndihjálp.

Öryggisbúnaður

Faxaflóahafnir fara mánaðarlega yfir öryggisbúnað samkvæmt reglugerðinni. Endurbætur sem nauðsynlegar reynast eru síðan framkvæmdar eins fljótt og auðið er. Reynslan hefur sýnt að skemmdarverk á öryggisbúnaði eru afar fátíð og endurbætur því að jafnaði litlar. Um tíma gerði reglugerðin kröfu um uppsetningu á neyðarsímum á hafnarsvæðum. Sú krafa hefur nú verið felld niður og símarnir hafa verið teknir niður utan síminn á Eyjargarði. Viðhald símanna var kostnaðarsamt og erfitt að tryggja virkni þeirra. Þar sem nánast allir ganga með GSM síma eru slíkir neyðarsímar orðnir óþarfir.

Lýsing á hafnarsvæðum:

Unnið hefur verið að því um árabíl að koma upp stigalýsingu á eldri bökkum og bryggjum. Nú er þeim áfanga náð að búið er að koma upp stigaljósum á alla bakka og bryggjur að undanskildum verbúðarbryggjunum í Vesturhöfn Reykjavíkur, timurbryggjunni við Norðurgarð, Grófarbakka og viðgerðarbryggjunni við Lambhúsasund á Akranesi.

Viðhald á stigaljósum fer fram eftir því sem mánaðarlegar eftirlitsskýrslur gefa tilefni til. Mikið mæðir á þeim búnaði og viðhald verulegt.

Lýsing hafnarsvæða er hönnuð á grundvelli reglugerðarákvæða um lágmarkslýsingu. Auk þess hafa verið framkvæmdar ljósmælingar til þess að sannreyna gæði lýsingar.

Á Skarfabakka var skipt út öllum lömpum í vetur og settir upp viðbótarlampar til að geta tvöfaldað birtumagn lýsingar við gefin tilefni. Með fjölgun skemmtiferðaskipa sem dvelja jafnvel yfir nótt síðla hausts eða um vetur er okkur nú mögulegt að hafa aukna lýsingu sé skip við bakkann á ljósátíma. Götu- og hafnarlýsing er a.m.k. yfirfarin tvisvar á hverjum vetri og skipt um þær perur sem þörf er á.

Reglulega er fylgst með ástandi lýsingar ef bilanir koma upp.

Merkingar:

Flest hafnarsvæði eru merkt sem vinnusvæði og óviðkomandi bannaður aðgangur.

Auk þess er óviðkomandi bílaumferð takmarkuð með hliðslám á Norðurgarði, Austurhöfninni og Ingólfsgarði í Gömlu höfninni.

Lokun hafnarsvæða:

Við innleiðingu laga um siglingavernd voru settar upp girðingar umhverfis þau svæði þar sem kaupskip og farþegaskip leggjast að. Á þeim svæðum er öll óviðkomandi umferð bönnuð.

Þetta á við um Olfustöðina og Faxagarð í Gömlu höfninni. Auk farmstöðvar Eimskips og Samskipa í Sundahöfn og Grundartangahafnar.

Einnig eru Miðbakki og Skarfbakki afgirtir þegar skemmtiferðaskip liggja við bakka.

Smábátabryggjur þar sem atvinnubátar hafa fasta viðlegu eru með aðgangshliðum sem útiloka óviðkomandi umferð.

Vetrarþjónusta:

Hafnarbakkar og akstursleiðir í Reykjavík eru mokaðar og háлкуvarðar eftir þörfum annað hvort með salti eða saltlausn sem er fljótvirkari við ákveðnar aðstæður.

Helstu gönguleiðir í Reykjavík eru ruddar eftir þörfum og sandbornar. Strætisvagnaskýli og umhverfi þeirra eru handmokuð eftir þörfum.

Hafnarsvæði og götur á Grundartanga eru mokaðar og háлкуvarðar með salti eftir þörfum. Fram að þessu hefur, í samráði við lóðarhafa, ekki verið talin þörf á mokstri gönguleiða á Grundartanga.

Hafnarbakkar á Akranesi hafa verið mokaðir og háлкуvarðir með salti eftir þörfum.

Við landganga flotbryggja hefur verið komið fyrir saltkistum sem hægt er að sækja í salt eftir þörfum á bryggjurnar.

Vetrarþjónusta hefur verið aukin frá ári til árs. Það er okkar mat að gæðin séu viðunandi og öryggi vegfarenda ásættanlegt. Vegna aukinnar umferðar gangandi vegfarnenda í Gömlu höfninni í Reykjavík hefur mokstur gönguleiða þar og háлкуvarnir verið aukin verulega seinni ár.

Reykjavík, 8. apríl 2015

Helgi Laxdal